

Reykjavík, 15. maí 2020

Tilvísun: OS2020020068

## Leiðbeiningar um val á sölufyrirtæki til þrautavara

### Almennt

Dreifiveita skal upplýsa notendur um að það sé forsenda viðskipta við dreifiveitu að þeir séu með gildan raforkusölusamning við sölufyrirtæki<sup>1</sup>. Dreifiveitur skulu ávallt upplýsa nýja notendur um rétt þeirra til þess að velja sér sölufyrirtæki og rétt þeirra til að skipta um sölufyrirtæki. Við leiðbeiningarskyldu sína skal dreifiveita gæta jafnræðis í hvívetna og er henni óheimilt að vekja athygli notenda á einu sölufyrirtæki umfram annað og skal dreifiveita við notendaskipti upplýsa neytendur um sölufyrirtæki sem fram kom á yfirliti sem Orkustofnun vísar til. Jafnframt skal upplýst að ekkert gjald má taka fyrir söluaðilaskipti. Sé gildur raforkusölusamningur fyrir hendi fylgir hann notanda við notendaskipti, nema viðskiptavinur ákveði annað.

Komi upp þær aðstæður að almennur notandi hefur ekki gert raforkusölusamning við sölufyrirtæki eða að viðkomandi er ekki með gildan raforkusölusamning við notendaskipti, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, en er engu að síður með virka neysluveitu, ber dreifiveitu að setja hann í viðskipti við það sölufyrirtæki sem Orkustofnun hefur valið til að vera sölufyrirtæki til þrautavara.

### Sölufyrirtæki til þrautavara

Sölufyrirtæki til þrautavara er valið eftir leiðbeinandi reglum sem Orkustofnun setur og taka þær m.a. mið af lágsta meðalverði til ákveðins tíma, samkvæmt nánari útfærslu Orkustofnunar. Sé viðskiptavinur með raforkusölusamning við fleiri en einn raforkusala ber honum við notendaskipti að tilkynna hvaða söluaðili á að fylgja notendaskiptunum. Að öðrum kosti fer með slík notendaskipti í samræmi við málsgrein þessa.

### Val á söluaðila til þrautavara

Orkustofnun velur sölufyrirtæki til þrautavara út frá eftirfarandi viðmiði:

1. Sölufyrirtæki til þrautavara er valið það sölufyrirtæki sem hefur lægstan heildarkostnað við ætlaða raforkunotkun heimila. Heildarkostnaður er reiknaður út frá sex mánaða meðalkostnaði á birtu raforkuverði til heimila, miðað við 4.500 kwh raforkunotkun á ári, fyrst fyrir mánuðina mars til ágúst 2020. Þar með talið skal reikna seðil- og greiðslugjöld sem fylgja viðskiptunum í þessa sex mánuði.
2. Sölufyrirtæki skulu senda Orkustofnun upplýsingar sbr. lið eitt, 20 dögum áður en Orkustofnun skal birta dreifiveitum og sölufyrirtækjum val á sölufyrirtæki til þrautavara, í fyrsta sinn 10. september 2020, í annað sinn 10. mars 2021 o.s.frv.
3. Sölufyrirtæki til þrautavara er valið til sex mánaða í senn.
4. Orkustofnun birtir dreifiveitum og sölufyrirtækjum val á sölufyrirtæki til þrautavara 30 dögum áður en val þess tekur gildi, nema fyrir tímabilið 1. júní 2020 til 31. október 2020 (sjá 7. lið).

<sup>1</sup> *Sölufyrirtæki*: Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.

5. Söluþyrirtæki sem valið til þrautavara er skylt að afhenda almennum notanda raforku til þrautavara, sbr. ákvæði 5. mgr. 7. gr. III.
6. Ákvörðun Orkustofnunar um val á söluaðila til þrautavara er stjórnvaldsákvörðun í samræmi við stjórnisýslulög nr. 37/1993.
7. Val á söluþyrirtæki til þrautavara er sett til bráðabirgða fyrir fyrsta tímabilið sem gildir frá 1. júní 2020 til 31. október 2020. Val á söluaðila til þrautavara á fyrsta tímabilið er miðað við lægsta birta raforkuverð til heimila frá seljendum miðvikudaginn 13. maí 2020.

### **Upplýsingagjöf**

Dreifiveitum ber að skila Orkustofnun árlega yfirliti yfir sjálfgefin söluaðilaskipti samkvæmt þessum leiðbeiningum í fyrsta sinn 1. júní 2021 fyrir tímabilið 15. maí 2020 til 30. apríl 2021 og síðan árlega þaðan í frá. Í yfirlitinu skal koma fram fjöldi sjálfgefinna söluaðilaskipta, heildarvelta söluaðilaskiptanna og tímabil söluaðilaskiptanna eftir seljendum raforku til þrautavara.